

AUGLÝSING

um deiliskipulag, Dynjandi í Arnarfirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 10. apríl 2014 var samþykkt deiliskipulag við Dynjanda í Arnarfirði, Ísafjarðarbæ.

Deiliskipulagið nær til um 4 ha lands og er landsvæðið sem um ræðir í eigu Rafmagnsveitna ríksins (RARIK). Dynjandi er friðlýst náttúruvætti.

Innan deiliskipulagsreitsins er ekki verið að leggja til stórfelldar framkvæmdir heldur einungis verið að bæta aðgengi og auka öryggi ferðamanna. Helstu framkvæmdir eru stækkun bílastæðis, gerð nýrra rútustæða og stæða fyrir húsbíla, stækkun tjaldsvæðis, stækkun salernishúss og gerð á aðstöðu fyrir sorpilát. Fyrirhugað er að endurbæta göngustíga og tröppur meðfram ánni og útbúa palla og áningarstaði við sérvalda útsýnistaði.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 14. apríl 2014.

Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.